

L Ö G

um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m.kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m.kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

28. maí 1969.

Nr. 61.

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1967, eru veittar kr. 766 133 777.87 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	kr. 13 200 239.92
af kr. 68 539 268.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Ríkisútvarpið	— 6 889 230.60
en tekjur fóru kr. 5 953 400.25 fram úr fjárlagaáætlun.	
3. Ríkisprensmiðjan Gutenberg	— 1 094 017.28
en tekjur fóru kr. 455 964.85 fram úr fjárlagaáætlun.	
4. Innkaupastofnun	— 1 210 211.43
af kr. 3 274 485.39 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Bessastaðabú	— 510 618.67
en tekjur urðu kr. 200 665.79 umfram fjárlagaáætlun.	
6. Hvanneyrarbú	— 51 491.23
en tekjur fóru kr. 12 773.26 fram úr fjárlagaáætlun.	
7. Reykjabú	— 161 524.80
en tekjur fóru kr. 244 918.00 fram úr fjárlagaáætlun.	